

## Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 17. október 2019 kl. 9:30, en þetta var 73. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mættir voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson, Reynir Tómas Geirsson og Magnús Jóhannsson. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar, hafði boðað forföll.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (19. september 2019) var samþykkt.

### 2. Líffærafræðihefti IV

Heftið „Orðasafn í líffærafræði – IV. Taugakerfið“ hefur verið ítarlega prófarkalesið í mörgum próförkum og er nú komið í prentun. Því verður svo dreift af Háskólaútgáfunni til Bóksölu stúdenta (100 eintök) og annarra sem selja vilja. Ágústa hefur séð til þess að upplýsingar um heftið og útgáfu þess verði birtar í Bókatíðindum sem koma út nú í haust.

### 3. Orðabókarvinnan

a) Orðalisti með heitum sem innihalda „medical“ og „medicine“. Farið var yfir útsendan orðalista með núverandi færslum í Íðorðasafni lækna, skilgreiningum úr öðrum heimildum og óformlegum tillögum að viðbótum sem taka mætti inn í safnið. Rætt var um ýmsar tillögur að þýðingu á „medical“ í hinum ýmsu samsettu læknisfræðiheitum og tillögu um meginstefnu. JHJ mun taka saman sérstakan orðalista og dreifa honum fyrir næsta fund.

b) Orðalisti með heitum sem innihalda orðið „ofnæmi“. Farið var yfir útsendan orðalista með núverandi færslum í Íðorðasafni lækna, einkum hvað varðar grunnheitin „allergy“, „atopy“, „anaphylaxis“ og „hypersensitivity“. Fram kom að nauðsynlegt er að hafa gott samstarf við ofnæmislækna sem eru tilbúnir til að taka þátt í þessari vinnu. JHJ mun taka saman sérstakan orðalista og dreifa honum fyrir næsta fund.

c) Orðalisti með heitum sem innihalda ensku orðin „stoma“, „stomia“ og „stomy“. Yfirferð á útsendum orðalista var frestað. Fram kom að æskilegt sé að viss íslensk heiti, sem komin eru í almenna notkun, s.s. „stóma“ verði tekin inn í Íðorðasafn lækna.

### 4. Önnur mál.

JHJ greindi frá nýlegum fyrirspurnum sem borist hafa og hefur verið svarað á óformlegan hátt til fyrirspyrjenda. Um var að ræða erlendu heitin: „menopause“ (tíðalok, tíðahvörf), „perimenopause“ (tíðabreytingaskeið), „postmenopause“ (eftirbreytingaskeið), „chronic fatigue syndrome“ (síþreytuheilkenni) og „National Early Warning Score“ – NEWS, (viðvörðunartíðingun lífsmarka).

### 5. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 14. nóvember 2019, kl. 9:30. JHJ mun að venju boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:30. Fundargerð ritaði JHJ.